

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2014

168-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 302/2014 frá 25. mars 2014 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126896), sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfarugrísu (leyfishafi er ROAL Oy) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 304/2014 frá 25. mars 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415, *Enterococcus faecium* DSM 22502 og *Pediococcus acidilactici* CNCM I-3237 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 305/2014 frá 25. mars 2014 um leyfi fyrir própansýru, natríumprópiónati og ammóníumprópiónati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en jörturdýr, svín og alifugla ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður. Ákvæði löggjafar um föður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 103. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 803/2013) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „104. **32014 R 0302:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 302/2014 frá 25. mars 2014 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126896), sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfarugrísu (leyfishafi er ROAL Oy) (Stjtið. ESB L 90, 26.3.2014, bls. 4).
105. **32014 R 0304:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 304/2014 frá 25. mars 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415, *Enterococcus faecium* DSM 22502 og *Pediococcus acidilactici* CNCM I-3237 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 90, 26.3.2014, bls. 8).
106. **32014 R 0305:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 305/2014 frá 25. mars 2014 um leyfi fyrir própansýru, natríumprópiónati og ammóníumprópiónati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en jörturdýr, svín og alifugla (Stjtið. ESB L 90, 26.3.2014, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 302/2014, (ESB) nr. 304/2014 og (ESB) nr. 305/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 90, 26.3.2014, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 90, 26.3.2014, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 90, 26.3.2014, bls. 12.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.